

Stórmerk sýning

Ef ég man það rétt, nefndi einhver blaðamaður hina nýju ljóðabók Helga Sæmundssonar, er út kom á seinasta ári, „leynibók“ og átti þá við, að þessi bók hefði farið leynt í þeirri flugeldasýningu risaforlaganna, sem við nefnum jólabókaflóðið, eða öðrum viðlíka nöfnum.

Við lifum í markaðsþjóðfélagi, hvað sem hver segir, og minna fer þar fyrir hógvæðinni hjá þeim er harðast það dæma — og vilja skylda ríkið og lögregluna til að gefa út bækur.

Mer kom þetta í hug, þegar mér barst í hendur boðskort um að koma og sjá yfirlitssýningu Einars G. Baldvinssonar, listmálara á Kjarvalsstöðum, en hann varð sextugur 9. desember síðastliðinn.

Hann er huldumaður íslenskrar myndlistar.

Huldu- maðurinn

Einar G. (Guðmundur) Baldvinsson er Reykvikingur, sonur hjónanna Baldvins Einarssonar, söðla- og aktygjasmíðs og Christine Caroline f. Heggem. Baldvin Einarsson (1875-1961) var merkur iðnaðarmaður í sinni tíð, lærði söðlasmiði hér heima og í Noregi, en fluttist aftur hingað til lands árið 1905, en hann mun fyrstur manna hafa lært iðn þessa erlendis. Baldvin sá Alasund brenna árið 1904.

Kona Baldvins Christine Caroline (1883-1947) var steinsmíðsdóttir frá Molde í Noregi, þannig að Einar G. Baldvinsson er kominn af hagleiksmönnum í báðar ættir.

Einar hóf listnámið líðlega tvi-tugur að aldri í Handíða- og myndlistarskólanum, en hafði áður fengið tilsögn í teikningu hjá privatmönnum. Hann var við Handíðaskólann frá 1942-45, en hóf síðan myndlistarnámið við Kunstakademiet í Kaupmannahöfn árið 1945 og dvaldi þar til ársins 1950. Síðan hefur hann málað, kennt teikningu og stundað algenga vinnu sér til viðurværis, að því er segir í til-tækum heimildum, sem eru ekki miklar að vöxtum, að ekki sé nú meira sagt um svo ágætán listamann.

Einkum hefur hann þó verið huldumaðurinn í íslenskri myndlist, maðurinn utan við umræðuna og bardagann, og það því aðeins verið á fárra vit-orði að þarna fer afburða mála-ri.

Um yfirlitssýningu á verkum Einars G. Baldvinssonar

Einar G. Baldvinsson hefur haldið nokkrar sýningar. Fyrsta einkasýningin var árið 1957, eða sjö árum eftir að hann lýkur námi, þá 1958 og 1960, og hann hefur tekið þátt í samsýningum.

Myndlist Einars G. Baldvinssonar

Sýningin á Kjarvalsstöðum er yfirlitssýning, og eru 90 verk á sýningunni, flest olíumálverk, en auk þess eru þrjár samstæður af oliukrítarmyndum, en þær telja um það bil 40 myndir.

Flest olíumálverkin eru í einkaeign, fengin að láni úti í bæ. Viðfangsefni Einars G. Baldvinssonar eru einkum frá sjávarsíðunni. Þorpið, bryggjan, báturinn, maðurinn og haf- ið.

Þetta eru myndir, sem anga af þangi og sóltum stormi. Skip Einars eru þó yfirleitt í höfn eða í uppsátri, og viðfangsefni sín hefur hann fundið í hinum ýmsu plássum, víðs vegar um landið. Einnig eru þarna nokkrar landslagsmyndir og myndir úr fornsögnum.

Ef leita skal hliðstæðunnar, þá finnast þarna svipuð efnis-tök, eða stílfærslur og við sjáum oft í gömlum myndum Snorra Arinbjarnar, Þorvaldar Skúla-

Jónas
Guðmundsson:

MYNDLIST

sonar, Jóns Þorleifssonar og jafnvel Asgríms Jónssonar.

Ekki svo að skilja að þarna sé um stælingar að ræða, heldur er hér átt við myndefnið, einföldun þess og skipan á myndflötinn. Styrkur Einars G. Baldvinssonar sem málara liggur í senni í teikningunni, niðurröðun efnis og í litnum, sem oftast er sannfærandi og safaríkur.

Það er galli á þessari sýningu, hversu lítið er af eldri verkum, þar eð þetta er yfirlitssýning. Hún rekur því naumast þróm mála út í hörgul. Flestar myndirnar eru málaðar eftir 1970, þótt örfáar séu frá eldri tíð, eða frá fimmta, sjötta og sjöunda áratugnum.

Í myndunum er að finna persónulegan stíl, innlifun og veldurfar. Eða næman skilning á umhverfinu, ætti maður kannski að segja. Stílfærslan er örugg. Það er allt með, þótt stíkláð sé á stóru.

Persónuleg úrvinnsla

Hér var aðeins vikið að fáeinum málurum, sem valið hafa

sér viðfangsefni í svipuðum dúr, a.m.k. hluta af starfævi sinni. Það er því örðugt að skapa sér olnbogarymi innan þessa hrings, sem margir nefna akademiska, skandinavíska stílfærslu og litameðferð.

Það var örðugt um sinn að rita um sveitafólk fyrst eftir að Jón Thoroddsen ritaði sínar bækur, Pilt og stúlku og Mann og konu. Eins eftir að Halldór Laxness ritaði um hann Bjart í Sumarhúsum.

Það sama er uppi á teningum þegar unnið er að myndlist við sjávarsíðuna að myndlistarverkum. Þar ríkir viss listrænn eignarréttur líka.

Einari G. Baldvinssyni tekst eigi að síður að gjöra þessu myndefni svo persónuleg skil, að fátt annað er sameiginlegt með honum og öðrum fjörukör- um myndlistarinnar, en að eiga sjávargötu skamma.

Hann á sinn sérstaka myndheim, innan um þorpið, bátana og skipin og menn taka í nefið hjá sjálfum sér fyrst og fremst, en ekki öðrum.

Sum mótiðin gjörþekja allir, Verðbúðabryggjurnar gömlu, Fiskhöllina, dragnótatátana og fjöllin og því getum við skilgreint einföldunina á sérstakan hátt. Það er því hægt að fylgjast með vinnunni í huganum.

Um einstakar myndir verður ekki fjallað hér, en listvinnir hljóta að fagna sýningu þessa kyrrláta og hlédræga listamanns, að hann skuli nú stiga fram með stóra sýningu og gera grein fyrir sínu merka lífsverki og myndlistarstarfi.

Í heild eru þetta allt góðar myndir, og inn á milli hreinir dýrgripir.

Sýning Einars G. Baldvinssonar, stendur til 27. janúar, sem er eiginlega alltof skammur tími að voru mati, einkum þegar tillit er tekið til þeirrar miklu vinnu og umstangs, sem því er fylgjandi að safna myndunum saman.

Jónas Guðmundsson.

Hini smyg



Arangur herferðar lögreglunnar. A ströndin sem gerðir hafa verið upptækir.


Þrem skrefum frá dyrum tóbaksbúðarinnar hefur „hin óhreina samkeppni“ komið sér fyrir. Við bráðabirgðaborð stendur holdug kona og selur sigarettur. Pakki með þekktu merki svo sem Dunhill eða Philip Morris kostar 500 lírur (u.þ.b. 250 kr). Fyrir þá upphæð er ekki einu sinni hægt að fá innlenda rudda í tóbaksbúðinni. Kaupmaðurinn í tóbaksbúðinni stendur langtímum saman í dyrunum, leikur jó-jó með báðum höndum og setur öðru hverju upptrekkar Mikka mýs

Stofnað Iðnþró- unarfélag

Sauðarkr. 22.1. — Hinn 14. desember sl. var haldinn stofnfundur Iðnþróunarfélags Skagafjarðar, sem er sameignarfélag með heimili og varnarþing á Sauðárkróki, en starfssvæði þess er Skagafjarðarhérað. Stofnaðilar félagsins eru Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður, Kaupfélag Skagfirðinga og Búnaðarsamband Skagfirðinga.

Markmið Iðnþróunarfélags Skagafjarðar er að efla iðnað og styðja framtak einstaklinga og fyrirtækja í héraðinu öllu, og binda menn miklar vonir við stofnun þess.

Stjórn félagsins skipa Jón Guðmundsson, Óslandi, formaður, Egill Bjarnason, Sauðárkróki, varaformaður, Pálmi Jónsson, Sauðárkróki, gjaldkeri og Guðrún L. Askeldóttir, Mællifelli, ritari.



Auglýsið í Tímanum